



SJÁLFSMATSÁÆTLUN ÁLFTANESSKÓLA

2020 – 2024

Í eftirfarandi sjálfsmatsáætlun verður gerð grein fyrir því hvernig sjálfsmati verður sinnt í Álfthanesskóla skólaárin 2020–2024. Tilgangur matsins er að leggja grunn að sívirkri umbótastarfi í skólanum, greina þarfir hans fyrir breytingar og umbætur með hagsmunum nemenda að leiðarljósi. Markmiðið er setja fram það sem vel er gert og benda á það sem betur má fara.

Um innra mat í skólum segir m.a. í grunnskólalögum "Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- Auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum, efla fagmennsku, starfs- og skólapróun ásamt því að styrkja skólann sem lærdómssamfélag.
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð eiga að vera við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu.

Niðurstöður innra mats skal nýta til umbóta í skólastarfi. Viðfangsefni innra mats er í samræmi við stefnu og markmið skólans varðandi nám og kennslu, mannauð, stjórnun, skólabrag og sérstaka viðburði skv. skóladagatali innan skólans og miða að skóla sem lærdómssamfélagi. Matsþættirnir eru metnir samkvæmt áætlun til fjögurra ára þar sem mikilvægir þættir eru metnir árlega en aðrir þættir annað hvert ár eða sjaldnar. Við mat á hverjum áherslupætti fyrir sig er stuðst við gátlista frá Menntamálastofnun varðandi innra mat <https://mms.is/> sjá nánar (https://mms.is/sites/mms.is/files/innra_mat_grunnskoli.pdf).

Í þessu skjali er langtíma matsáætlun til fjögurra ára ásamt áætlun fyrir næsta skólaár. Þar kemur fram hvað og hvenær á að meta þætti, með hvaða hætti og hverjir taka þátt í matinu. Einnig kemur fram hver á að sjá um matið. Áætlað er að niðurstöður úr innra mati sé birt að hausti og leiðir til úrbóta. Framkvæmdin við skýrslugerð tekur mið af því að Skólapúlsinn er lagður fyrir starfsmenn og foreldra annað hvert ár en á hverju ári fyrir nemendur. Á hverju hausti er gerð greining á umbótaáætlun skólans og gerð ný áætlun fyrir komandi skólaár. Skólasamfélagið samanstendur af nemendum, starfsmönnum og foreldrum/forráðamönnum. Skólapúlsinn verður lagður fyrir foreldra/forráðamenn vorönn 2021 en var lagður fyrir starfsmenn vor 2020. Innra mat skólans er stjórnað af matsteymi í samráði við skólastjóra. Í því sitja skólastjórnandi, tveir fulltrúar kennara, fulltrúi starfsmanna, fulltrúi nemenda og fulltrúi foreldra.

Skólapúlsinn er vefkerfi sem veitir skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6.–10. bekk eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda miðað við nemendur í öðrum skólum í landinu.

Mælikvarðinn sem notaður er í Skólapúlsinum byggir á viðhorfum nemenda, foreldra og starfsmanna til staðhæfinga um gæði skólans, kennslunnar og námsins. Mælikvarðinn tekur gildi frá 0 til 10 og er normaldreifður með meðaltal 5 og staðalfrávik 2. Því hærri sem kvarðinn er því sterkari er þátturinn í skólanum. Munur upp á 0,5 stig telst ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Innra mat					
Efnisþættir:	Markmið	Leiðir til úrbóta	Framkvæmd	Ábyrgð	Endurmat
Framkvæmd innra mats Matsteymi Sjálfsmat skólans.	Að fylgja umbótum úr innra mati eftir á kerfisbundinn hátt. Að eiga samræður um líðan og fleiri þætti, mismunandi áherslur milli ára. Að leita formlega eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.	Umbótaáætlun gerð á hverju hausti. Matsteymi vinna úr niðurstöðum Skólapúlssins og ákveðnir þættir metnir í innanhúskönnunum. Ársskýrsla.	Skólapúlssinn Innanhúskönnun	Matsteymi vinnur úr niðurstöðum. Deildarstjóri og kennsluráðgjafi leggja könnunina fyrir nemendur. Skrifstofustjóri sér um samskipti við foreldra. Stjórnendur greina niðurstöður fyrir skýrslu um innra mat. Aðstoðarskólastjóri ritstýrir Ársskýrslu.	Skólapúlssinn. - Nemenda- og starfsmannakönnun. - Foreldra og nemendakönnun. Starfsmannaviðtöl. Umbótaáætlun. Ársskýrsla birt á heimasíðu og send til skólanefndar. Niðurstöður innra mats.
Jafningjafræðsla og vettvangskönnun kennara og stjórnenda.	Að jafningjafræðsla verði fastur liður í skólastarfinu og innlit stjórnenda.	Áhersla á að formgera stefnu í jafningjafræðslu og vettvangskönnun kennara og stjórnenda. Á fyrsta starfsmannafundi kynnt áætlun um framkvæmd. Kennarar velja þætti og leggja mat á framkvæmdina.	Innlit stjórnenda. Jafningjafræðsla kennara/starfsmenn.	Skólastjóri. Aðstoðarskólastjóri.	Samantekt úr niðurstöðum í innanhúskönnun til starfsmanna.

Inngangur

Fyrsti áfangi Álftanesskóla var tekinn í notkun haustið 1978. Fyrir þann tíma starfaði Bjarnastaðaskóli frá 1889 til 1978, og var til húsa að Bjarnastöðum. Jafnhliða fjölgun íbúa og nemenda hefur skólinn stækkað. Frá haustinu 1998 hefur Álftanesskóli verið einsetinn. Í dag er Álftanesskóli einsetinn, heildstæður grunnskóli fyrir nemendur í 1.–10. bekk. Skólasafnið og Bókasafn Álftaness/Garðabæjar eru rekin sameiginlega í skólahúsinu. Eftir að skóladegi nemenda í 1.–4. bekk lýkur er boðið upp á síðdegisvistun, Frístundarheimilið Álftamýri. Nemendur í eldri árgöngum hafa aðgang að Félagsmiðstöðinni Elítunni. Skólinn starfar samkvæmt aðalnámskrá, skólastefnu sveitarfélagsins og skólanámskrá skólans.

Stefna og sérstaða skólans

Við skipulag skólastarfs er tekið mið af nútíma þekkingarsamfélagi og horft til þess hvaða færni er mikilvægt að efla hjá komandi kynslóð. Áhersla er lögð á að örva sjálfstæða og gagnrýna hugsun. Litið er á nemendur sem sjálfstæða einstaklinga sem hafa ákveðin réttindi en jafnframt skyldur og ábyrgð.

Í skólastarfinu er lögð áhersla á að - *Allir eru einstakir* -

Litið er svo á að mannleg samskipti og ábyrg hegðun séu grunnþættir í skólastarfinu og að forsenda náms sé að nemendum líði vel í skólanum. Áhersla er lögð á fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti í samræmi við einstaklingsmiðað nám. Gagnkvæm virðing er forsenda jákvæðra samskipta og nauðsynlegt er að starfsfólkið sýni gott fordæmi í þeim efnum. Reynt er að stuðla að því að öllum geti liðið vel í skólanum. Starfsmenn skólans leggja sig fram við að eiga jákvæð samskipti við heimilin og hvetja foreldra til þess að hafa samband þegar þeim liggur eitthvað á hjarta. Þegar heimili og skóli leggjast á eitt má búast við betri líðan nemenda, auknu öryggi og betri námsárangri. Mannleg samskipti og ábyrg hegðun eru grunnþættir í skólastarfinu og að forsenda náms er að nemendum líði vel í skólanum.

Í Álftanesskóla er lögð áhersla á:

Umhverfið

Álftanesskóli býr við fjölbreytta náttúru þar sem stutt er í fjörur, fjölskrúðugt fuglalíf, tjarnir og skemmtilegt umhverfi í göngufæri og er áhersla lögð á tengsl við umhverfið í skólastarfinu. Skólastarfið fer að hluta til fram utandyra og er gert ráð fyrir því að allir nemendahópar séu að lágmarki eina kennslustund í útikennslu á viku. Áhersla er á að nemendur tileinki sér ábyrgan lífsstíl og virðingu gagnvart mönnum, dýrum og umhverfi sínu. Álftanesskóli hefur sett sér umhverfisstefnu þar sem lögð er áhersla á að auka þekkingu og virðingu nemenda fyrir umhverfi sínu og skapa jákvætt viðhorf þeirra og starfsmanna til umhverfismála. Lögð er áhersla á útikennslu og hreyfingu.

Skapandi starf

Umhverfi 21. aldarinnar er síbreytilegt vegna mikilla nýjunga á tækni og þekkingu. Þetta gerir þær kröfur til okkar framtíðar þjóðfélagsþegna að þeir verði færir um að takast á við skapandi störf sem krefjast frumkvæðis og gagnrýnninnar hugsunar. Þess vegna leggur Álftanesskóli áherslu á skapandi starf og listgreinakenndu. Listgreinakenndan fer fram í vinnulotum í 1.–7. bekk og smíðjuvinnu með auknu vali á elsta stigi. Í Álftanesskóla er lögð áhersla á tónlistarkenndu í samstarfi við tónlistarskólann. Á miðstigi eru fjölgreinar í vinnulotum þar sem lögð er áhersla á mismunandi greinar, s.s. leiklist, hreyfingu, félagsfærni, sköpun, upplýsingamennt o.fl.

Námsaðlögun

Í skólanum er leitast við að haga störfum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins og fram kemur í 2. grein grunnskólalaga. Stefnt er að því að mæta hverjum nemanda út frá hans eigin forsendum í takt við skilgreiningu

skólans á hugtakinu námsaðlögun: Kennarinn kappkostar að koma með sveigjanlegum hætti til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda. Nemendur þurfa því ekki allir að vera að læra það sama á sama tíma.

Samstarf skólastiga

Álftanesskóli hefur verið í samstarfi við leikskólana Krakkakot og Holtakot, þar sem megintilgangurinn með samstarfinu er að leikskólanemendur læri í gegnum leik að þekkja Álftanesskóla, kynnist þannig húsnæði og starfsfólki skólans. Skólinn hefur jafnframt átt gott samstarf við Fjölbrautaskóla Garðabæjar og við Ármúla með framhaldsáfanga fyrir nemendur í 10. bekk.

Foreldrasamstarf

Stefna skólans er að það sé gott samstarf á milli heimilis og skóla og þar ríki traust á milli aðila. Í því felst að vera í góðu sambandi við foreldra, stuðla að því að forráðamenn séu vel upplýstir um starfsemi skólans og fái greinagóðar upplýsingar um þá þróun og viðburði sem eiga sér stað innan veggja skólans. Við skólann er bæði stafrækt foreldrafélag og skólaráð. Skólaráð fjallar um og gefur umsögn til skólans og skólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið. Markmið foreldrafélagsins er að vinna að heill og hamingju nemendanna og styrkja skólann í hvívetna, meðal annars með umræðu- og fræðslufundum um skóla- og uppeldismál fyrir forráðamenn, í samvinnu við skólann.

Starfsþróun

Álftanesskóli hefur mótað sér stefnu og sett fram skýr markmið í starfi sínu. Þar er m.a. að finna áherslur er varða starfsþróun starfsmanna (sjá starfsþróunar- og endurmenntunaráætlanir á heimasíðu skólans, undir Skólinn-Skólaþróun). Það er markmið skólans að nýta styrkleika starfsmanna til aukinnar fagmennsku í þágu skólans. Leggja áherslu á að starfsmenn vinni af metnaði að þróun skólastarfsins.

„Uppeldi til ábyrgðar“

Unnið hefur verið samkvæmt „Uppbyggingarstefnu“ (uppeldi til ábyrgðar) (e. *Restitution*) í Álftanesskóla frá haustinu 2002. „Uppeldi til ábyrgðar“ í skólastarfi er hugmyndakerfi sem í felst bæði aðferð og stefnumörkun skóla til bættra samskipta. Meginatriði er að kenna börnum og unglingum sjálfsaga, sjálfsstjórn og ýta undir sjálfstraust. „Uppeldi til ábyrgðar“ leggur áherslu á samskipti fremur en reglur, ábyrgð fremur en blinda hlýðni og virðingu fremur en stjórnugjöf. Stefnan treystir á hæfileikann til sjálfsstjórnar og að hver og einn geti brugðist rétt við aðstæðum. „Uppeldi til ábyrgðar“ kennir sjálfsaga og hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum.

Þróunarverkefni

Álftanesskóli hefur tekið þátt í þó nokkrum þróunarverkefnum á síðustu árum er varða s.s. „Uppeldi til ábyrgðar“, námsmat, vendikennslu, félagsfærni, læsi, leiðsagnarmat og vaxandi hugarfar (sjá heimasíðu). Álftanesskóli leggur áherslu á fjölbreytta kennslu og hefur sett sér læsisstefnu. Lögð hefur verið áhersla á lestur og lestrarfærni nemenda með kynningum fyrir foreldra/forráðamenn, lestrarspretti og þjálfun lesskilnings. Einnig hefur verið lögð áhersla á nýjar matsaðferðir á læsi, s.s. Lesfimi, Orðarún o.fl. Við skólann starfar verkefnastjóri í læsi.

Uppeldi til ábyrgðar					
Efnispættir	Markmið	Leiðir	Framkvæmd	Ábyrgð	Endurmat
Fræðsla fyrir starfsmenn og foreldra.	Að rifja reglulega upp megináherslur í uppeldi til ábyrgðar og fræða nýja starfsmenn. Að upplýsa foreldra um megináherslur í hverjum árgangi.	Námskeið fyrir nýja starfsmenn. Upprífjun og fræðsla á megináherslum. Á haustfundum með umsjónarkennurum – haustbréf.	Starfsmannafundi í ágúst og reglulega á skólaárinu.	Verkefnastjóri. Stjórnendur.	Matsniðurstöður úr könnunum. Fræðslufundir. Haustfundir.
Stefna gerð sýnilegri í daglegu starfi skólans. Unnið verði áfram með eina þörf á á hverju skólaári.	Að allir sjái, heyri og finni stefnuna í skólastarfinu. Að vinna með þarfir nemenda og gera þau meðvituð um táknið í Uppeldi til ábyrgðar og hvað þau þýða.	Kennarar sjá um að setja upp fjölbreytt verkefni og gera stefnuna sýnilegri. Allir árgangar vinna bekkjarsáttmála og birti á sameiginlegu svæði. Þörfin í ár er öryggi.	Reglulega á skólaárinu. Kærleikar í lok nóv.	Kennarar. Stjórnendur. Verkefnastjóri.	Sáttmálar Orðræðan Verkfæri í Uppeldi til ábyrgðar. Vinapör. Veggir skólans. Öryggi.
Þróunarstarf					
Efnispættir	Markmið	Leiðir	Framkvæmd	Ábyrgð	Endurmat
Þróunarverkefni: Áhersla á ritun – þátttaka kennara í gerð matsramma í ritun, Menntamálastofnun. Þróunarverkefni á miðstigi: Rætt til ritunar. Jafningjafræðsla. Félagarýni.	Að auka færni nemenda í ritun og mat sé byggt á tilteknum þáttum.	Kennarar á miðstigi eru í samstarfi við mms og eru jafnhliða að vinna að þróunarverkefni í ritun.	Reglulega á skólaárinu. Verkefnastjóri og kennarar kynna niðurstöður verkefnisins. Skýrslu skilað í júní.	Kennarar á miðstigi Verkefnastjóri	Náms- og kennslu-áætlanir. Skýrsla um þróunarstarfið.
Áhersla á stærðfræði. Jafningjafræðsla. Félagarýni.	Að efla fjölbreytni í kennsluháttum, auka samvinnu og að nemendur upplifi vellíðan af útiveru og hreyfingu.	Þróunarverkefni yngsta stig. Stærðfræði úti og inn – Jafningjafræðsla.	Reglulega á skólaárinu. Kennarar kynna niðurstöður í lok skólaársins – maí. Skýrslu skilað í júní.	Kennarar á yngsta stigi.	Náms- og kennsluáætlanir. Skýrsla um þróunarstarfið.

[illegible]

Langtímaáætlun um innra mat

Skólaárin 2020 – 2024

	2020 - 2021	2021 - 2022	2022 - 2023	2023 -2024
Stjórnun og skipulag				
Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, o.fl. áætlanir og verklagsreglur.	X	X	X	X
Stjórnandi sem faglegur leiðtogi.		X		X
Stjórnun skólans.	X	X	X	X
Samstarf heimila og skóla. Viðhorf foreldra.	X		X	
Skimanir og árangur úr samræmdum prófum.	.X	X	X	X
Nám og kennsla				
Skipulag náms og kennslu.	X	X	X	X
Kennsluhættir og gæði kennslu.	X	X	X	X
Námsmat.	X	X	X	X
Námslegar kröfur.	X		X	
Námshættir og námsvitund.	X	X	X	X
Líðan og heilsa.	.X	X	X	X
Virkni nemenda.	X	X	X	X
Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda.	X	X	X	X
Starfsmenn				
Faglegt samstarf, samræður á stigs-, fræðslu og árgangafundum.	X	X	X	X
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður.	X	X	X	X
Heilnæmt og vistvænt umhverfi				
Rífa reglulega upp áherslur skólans. Stefnumótun Garðabæjar (innkaupa- og úrgangsstefna).	X		X	
Umhverfi innan og utan skólans.	X	X	X	X
Rýmingaráætlun endurskoðuð, öryggismyndavélar, persónuverndarlöggjöf.	X		X	

Umbótaáætlun

Skólaárið 2020 – 2021

Stjórnun og skipulag					
Efnispættir:	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Framkvæmd	Ábyrgð	Endurmat
Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur.	Að meta og endurskoða reglulega meginþætti skólastarfsins sbr. Aðalnámskrá.	Skólanámskrá endurskoðuð. Starfsáætlun, starfsmannahandbók og stefna skólans yfirfarin árlega. Þá ársskýrslur, náms- og kennsluáætlanir og reglulega heimasíða skólans.	Á haustönn 2020: Starfsáætlun Starfsmannahandbók Á vorönn 2021 Ársskýrsla Náms- og kennsluáætlanir (ág. jan. júní endurmetnar) Heimasíðan reglulega á árinu.	Skólastjóri. Aðstoðarskólastjóri. Deildarstjórar. Stigsstjórar. Verkefnastjórar. Skrifstofustjóri.	Öll gögn metin og skráð, birt á heimasíðu. Niðurstöður úr Skólapúlsum.
Stjórnun skólans.	Að stjórnendur sjái um skipulag og bjargir og móti skýra stefnu í samvinnu við starfsmenn, foreldra og nemendur. Að upplýsingaflæði til starfsfólks, foreldra og nemenda sé skilvirkt.	Rafrænt fréttabréf. Heimasíða. Upplýsingaskjái. Vikulegt fréttabréf til starfsmanna. Innlit í kennslustundir og endurgjöf. Starfsmannasamtöl.	Reglulega á skólaárinu.	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildar-, verkefna- og stigstjórar.	Skólapúlslinn. Könnun foreldra. Starfsmannaviðtöl.
Samstarf heimila og skóla. Viðhorf foreldra.	Að efla samstarf heimilis og skóla að sameiginlegum markmiðum. Að stuðla að virku upplýsingaflæði milli skóla og heimilis. Að upplýsingar séu sem mest rafrænar.	Reglulegir fundir foreldrafélags, skólaráðs og skólastjórnenda. Samstarf bekkjarfulltrúa og umsjónarkennara. Virkt foreldrafélag; fræðslufundur, samvinna um starf skólans. Heimasíða. Regluleg útgáfa Fuglafits.	Skólapúlslinn – viðhorfsskönnun meðal nemenda og foreldra 2020–2021.	Deildarstjóri og kennsluráðgjafi leggja könnunina fyrir nemendur. Skrifstofustjóri sér um samskipti við foreldra. Matsteymi greina niðurstöður fyrir skýrslu.	Fræðsla og umræður meðal starfsmanna um foreldrasamstarf. Könnun meðal foreldra og umræður meðal starfsmanna um uppl.flæði frá skólanum. Umræða og mat kennara, stjórnenda á námsviðtölum o.fl.
Skimanir og árangur úr samræmdum prófum	Að nemendur nái eins góðum árangri á samræmdum könnunarprófum og þeir hafa forsendur til.	Lesfimiþróf. Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 9. bekk Lesskilningsprófið Orðarún	Reglulega á skólaárinu.	Deildarstjórar Verkefnastjórar	Niðurstöður úr mati og prófum.

	Að skipuleggja frekara nám út frá sterkum hliðum nemenda og frá niðurstöðum skimunarprófa.	Logos greiningarpróf (sérkennarar)			
Nám og kennsla					
Efnisþættir:	Markmið	Leiðir til úrbóta	Framkvæmd	Ábyrgð	Endurmat
Skipulag náms og kennslu.	Að allir þættir skólastarfsins birtist í náms- og kennsluáætlunum.	Mentor – unnið áfram með að því að bæta náms- og kennsluáætlanir. Áfram unnið með hæfniviðmið, sýnileg markmið og viðmið um árangur.	Útbúnar í ágúst – sept. 2020, endurmetnar í jan. 2021 og júní 2021. Reglulega á skólaárinu.	Skólastjóri. Deildarstjóri.	Náms- og kennsluáætlanir. Sýnileg markmið og viðmið um árangur.
Kennsluhættir og gæði kennslu.	Að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar, tekið sé tillit til ólíkra þarfa nemenda og námsumhverfið sé aðlaðandi. Að nemendur fái krefjandi verkefni við sitt hæfi. Að hefðir og verklagsreglur séu aðgengilegar og reglulega endurskoðaðar.	Fjölbreytt viðfangsefni. Fjölgreinalotur, listalotur, hópaskipting, fjölbreytt val á valgreinum, þátttaka nemenda í ýmsum viðburðum, jákvætt umhverfi. Skólanámskrá.	Reglulega á skólaárinu.	Deildarstjóri stiga. Kennsluráðgjafi.	Skólapúlsinn. Viðhorfsskönnun meðal nemenda og foreldra.
Námsmat	Að námsmat sé fjölbreytt og uppbyggjandi. Að nemendur viti að hverju er stefnt. Að upplýsa nemanda og foreldra um hans námsstöðu	Áherslur og námslegar kröfur kennara. Hæfnikort. Endurmat á náms- og kennslu-áætlunum. Lesfimi, Lesskilningspróf – Orðarún. Greining á niðurstöðum samræmdra prófa 4., 7. og 10.b. Samantekt og mat á stöðu stiga er varðar lokamat.	Umræður, endurmat kennara og stjórnenda.	Deildarstjóri Stigsstjórar Verkefnastjóri Skólastjóri	Skólapúlsinn. Samræmd próf. Lesferill. Orðarún. Skimanir. Hæfnikort. Endurskoðun á stefnu skólans í námsmati vor 2021.

Námslegar kröfur	Að veita nemendum góða þekkingu. Að efla sjálfstæð vinnubrögð og samvinnu.	Væntingar um árangur.	Aðlaga námið að þörfum nemenda. Vaxandi hugarfar.	Kennarar.	Skólapúlsinn. Umræður og skrifleg könnun meðal starfsmanna.
Námshættir og námsvitund.	Að nemendur læri að setja sér markmið, sýni sjálfstæði og meti sjálfir námið.	Sjálfsmat, markmiðssetning, áætlanagerð.	Reglulega á skólaárinu.	Kennarar. Skólastjóri.	Skólapúlsinn.
Nemendur og líðan..	Að huga að velferð og líðan nemenda.	Velferð barna í Garðabæ, ýmis forvarnarverkefni fest í sessi. Forvarnaráætlun. Forvarnavika í Garðabæ.	Haut 2020. Nóv. 2020 (Gegn einelti) Reglulega á skólaárinu. okt. og mars. Feb. - mars 2021.	Stjórnendur Kennarar Kennsluráðgjafi. Deildarstjóri stiga.	Skólapúlsinn. Nemendakönnun Námsviðtöl.
Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda.	Að kenna nemendum ábyrgð og lýðræðisleg vinnubrögð.	Skólaþing-niðurstöður. Nemendaráð. Uppeldi til ábyrgðar. Bekkjasáttmáli, mitt og þitt hlutverk.	Á skólaárinu.	Matsteymi. Nemendur.	Ársskýrslur. Niðurstöður Skólaþing.
Starfsmenn					
Efnisþættir:	Markmið	Leiðir til úrbóta	Framkvæmd	Ábyrgð	Endurmat
Faglegt samstarf, samræður á stigs-, fræðslu og árgangafundum.	Að starfsmenn taki þátt í mótun starfs og stefnu skólans. Að í skólanum séu jákvæð samskipti og stuðningur við aðra. Að vinna að símenntunaráætlun í tengslum við markmið og áherslur skólans.	Áherslur m.a. á fjölbreytta kennsluhætti, læsi, uppeldi til ábyrgðar. Þróunarverkefni: leiðsagnarmat, vaxandi hugarfar, ritun og stærðfræði. Umræður og greinargerð á stigum. Fræðsluerindi, umræður og hópastarf - fagteymi.	Fagleg umræða. Samantekt og mat á stöðu stiga er varðar t.d. Uppeldi til ábyrgðar, leiðsagnarmat og vaxandi hugarfar. Fundargerðir stigs- og verkefnastjóra. Reglulega yfir skólaárið verði faglegar umræður, áherslur á fræðslu-, stigs- og árgangafundum.	Skólastjóri. Verkefnastjóri. Stigs- og verkefnastjórar.	Ársskýrsla. Skýrslur um þróunarverkefni. Nemendakönnun Skólapúlsinn 2019 – 2020. Símenntunaráætlun.
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður.	Að starfsmönnum líði vel og séu ánægðir í starfi. Að góður stuðningur sé við starfsmenn. Að stuðla að góðri samvinnu. Að starfsmenn hafi aðgang að endurmenntun við hæfi.	Í samræmi við starfsmannastefnu, unnið að viðhaldi starfsanda. Símenntun við hæfi hvers og eins. meðal starfsmanna. Sveigjanlegt skipulag.	Reglulega á skólaárinu. Einu sinni í mánuði fræðslufundir.	Kennarar. Stjórnendur.	Skólapúlsinn. Starfsmannakönnun. Starfsmannaviðtöl. Námsferðir, ráðstefnur, fyrirlestrar o.s.frv.

	Að virk símenntun sé í samræmi við áherslur skólans, þróun í starfi.	Starfsmannafélag. Starfsmenn velja einnig námskeið að eigin ósk.			Verkefnaáætlun
Heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi					
Efnisþættir	Markmið	Leiðir til úrbóta	Framkvæmd	Ábyrgð	Endurmat
Rifja reglulega upp áherslur skólans. Stefnumótun Garðabæjar (innkaupa- og úrgangsstefna).	Að rifja reglulega upp megináherslur og vinna sbr. nýrri stefnu G.bæjar. Að nemendur - geri sér grein fyrir gildi umhverfisverndar - verði meðvitaðir um það hversu mikið af rusli fellur til daglega - taki virkan þátt í að fara vel með auðlindir og flokki úrgang til endurvinnslu og endurnýtingar.	Umhverfisnefnd, upprifjun á megináherslum.	Á skólaárinu Samantekt að vori 2021.	Umhverfisnefnd. Stjórnendur.	Umhverfisstefna Skólanámskrá. Heimasíða.
Umhverfi innan og utan skólans.	Að nota nærumhverfi skólans í námsskipulagi. með áherslu á útikennslu. Að nemendur: - tileinki sér góða umgengi við náttúruna og umhverfi sitt - kynnist vel nánasta umhverfi sínu og láti sér annt um það	Umhverfisnefnd og kennarar skipuleggja ýmsa viðburði t.d. á skólalóð, Lesið í Nesið o.fl.	Reglulega á skólaárinu. Þróunarverkefni í Erasmus. Þróunarverkefni: Stærðfræði úti og inni.	Umhverfisnefnd. Stigsstjórar. Kennarar. Kennsluráðgjafi.	Náms- og kennslu-áætlanir. Skólanámskrá. Heimasíða skólans. Skýrslur þróunarverkefna.
Rýmingaráætlun endurskoðuð, öryggismyndavélar, persónuverndarlöggjöf.	Að gæta að öryggi nemenda og starfsmanna.	Nýtt húsnæði. Umræður, endurskoðun og úrvinnsla: kennarar, húsvörður, nemendaráð, skólaráð og foreldrafélagið (Öryggisnefnd).	Endurskoðun og umbætur hefjast sept. 2020. Öryggisáætlun vorönn 2021. Endurskoðun og mat á skólaárinu. Fundur með Vinnueftirlit sept. 2020.	Öryggisteymi. Stjórnendur.	Rýmingaráætlun. Matsskýrsla vinnueftirlitsins.